

Lög

um breytingu á lögum um kjararáð, nr. 130/2016 (frestun á framkvæmd lagaákvæða).

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Kjararáð skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. 8. gr. laganna:

2. málsl. f-liðar orðast svo: Laun og önnur launakjör þeirra skrifstofustjóra í Stjórnarráði sem ekki falla undir úrskurðarvald kjararáðs, lögreglumanna, tollvarða og fangavarda skulu fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélög eða samtök þeirra gera við ríkið, sbr. 47. gr.
- Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við ákvæði til bráðabirgða í lögum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði 1. málsl. 39. gr. og 1. og 2. málsl. 1. mgr., 1. og 2. málsl. 2. mgr og 5. mgr. 39. gr. a um ákvörðun grunnlaunaflokks, undirflokks og viðbótarlauna koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2018. Fram að þeim tíma mun kjararáð ákvarða laun forstöðumanna samkvæmt lögum nr. 47/2006, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 130/2016.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 31. maí 2017.